

**Ed.**

**313. Nefndarátt**

um frv. til laga um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýra-sjúkdómar berist til landsins.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið á eitt sátt um þetta mál.

Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum. Eru breytingar þessar gerðar í samráði við dýralækni Hannes Jónsson, sem nefndin hefir haft til ráðuneytis um málið.

En þótt meiri hlutinn (E. Á. og J. Bald.) sje sammála um stefnu þá, sem kemur fram í breytingartillögu E. Á. á þskj. 314, þá er þó ágreiningur milli þeirra um einstök atriði tillögunnar. J. Bald. vill hafa undanþegnar banni sumar þær vörutegundir, sem taldar eru upp í *d*-lið á þskj. 314. Ber hanu því fram sjerstaka brtt. á þskj. 315.

Að öðru leyti leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

**BREYTINGARTILLÖGU.**

Við 3. gr. Greinina skal orða svo:

Atvinnumálaráðherra er heimilt að banna með auglýsingu innflutning á öðrum þeim vörum, sem hætta telst á, að sótnæmi geti borist með.

Alþingi, 27. febr. 1928.

Einar Árnason,  
form. og frsm. meiri hl.

Jón Baldvinsson,  
fundaskrifari.